

4. gr.

Erlent veiðiskip, sem leitar hafnar á Íslandi, skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands fyrirætlun sína við komu inn í íslenska efnahagslögsögu. Jafnframt skal tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Landhelgisgæslan skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um komu erlends fiskiskips sem ætla má að falli undir ákvæði 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Með 1. gr. þessara laga eru ekki skert þau réttindi sem samkvæmt milliríkjasamningum eru veitt öðrum ríkjum.

6. gr.

Með brot gegn ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga þessara skal farið samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 81-31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. gr. þeirra laga. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við þau lög.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 3. gr. laganna orðast svo:

Að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Gjaldyrisvarasjóðurinn skal varðveittur, eftir því sem unnt er, í tryggu og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.

2. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. kemur á eftir „innlánsdeildir samvinnufélaga“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

3. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Ákvörðun þar að lútandi skal birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er heimilt að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri eða beitir öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar og hlutast með þeim hætti til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem þannig kunna að verða ákveðin.

Seðlabankinn skal hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skrá sérstaklega, á þeim tíma dagsins sem hann ákveður, gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn fellt niður eigin gengisskráningu og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Seðlabankanum er heimilt að setja nánari reglur um gengisskráningu og viðskipti á gjald-eyrismarkaði.

4. gr.

Í 19. gr. laganna kemur á eftir „sparisjóðir“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Lyfjateknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmaðraskóla Íslands og á ljósmaðralögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum, orðast svo:

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatekni í samvinnu við samtök lyfsala. Menntamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um námið og tilhögun þess.

Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð að vista lyfjatekninema til verklegs náms.